



# TÁLKNAFJARÐARHREPPUR



Nr. 1387/2018

12. desember 2019

## GJALDSKRÁ 2020

fyrir Hafnarsjóð Tálknafjarðarhrepps.

### Almenn ákvæði.

#### 1. gr.

Gjaldskrá þessi fyrir Hafnarsjóð Tálknafjarðarhrepps er sett skv. heimild í 17. gr. hafnalaga nr. 61/2003. Gjaldskráin er við það miðuð að Hafnarsjóður Tálknafjarðarhrepps geti haft nægar tekjur til þess að standa undir rekstri hafnarinnar, sbr. 5. tölulið 3. gr. hafnalaga. Gjaldskráin tekur breytingum skv. ákvörðun hafnarstjórnar 1. janúar ár hvert. Virðisaukaskattur, 24%, leggst á öll gjöld skv. gjaldskrá þessari við útgáfu reikninga.

#### 2. gr.

Við ákvörðun gjalda skv. gjaldskrá þessari sem taka mið af stærð skipa skal miða við brúttótonnatölu skipa skv. alþjóðlegu mælibréfi, sem gefið er út eftir ákvæðum alþjóðasamþykktarinnar um mælingu skipa frá 1969.

#### 3. gr.

Af öllum skipum sem koma inn fyrir takmörk hafnarinnar skal greiða tilheyrandi gjöld skv. gjaldskrá þessari.

### Skipagjöld.

#### 4. gr.

#### *Lestargjöld:*

Af öllum skipum skal greiða lestargjald, kr. 13,85 á mælieiningu, skv. 2. gr.

Undanþegin greiðslu lestargjalda eru skip sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.

#### *Bryggjugjöld:*

Af öllum skipum sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka skal greiða kr. 6,70 á mælieiningu skv. 2. gr. fyrir hverja byrjaða 24 tíma sem skipið liggur bundið. Fiskiskip greiða þetta gjald eigi oftari en 13 sinnum í mánuði.

Heimilt er að taka lestar- og bryggjugjald af þjónustubátum, fiskiskipum og minni bátum, sem mánaðargjald, kr. 84,80 á mælieiningu, en þó aldrei lægra en kr. 10.100 á mánuði miðað við stærð samkvæmt neðanskráðri töflu.

Bátar undir 20 brt	10.100 kr. á mánuði
Bátar frá 20 brt og að 40 brt	22.600 kr. á mánuði
Bátar frá 40 brt og að 80 brt	26.600 kr. á mánuði

Skip yfir 80 brt greiða 115 kr á brt á mánuði til viðbótar í bryggjugjöld.



# TÁLKNAFJARÐARHREPPUR



Leigugjald vegna kvíaleigu við bryggju 135.600 kr. á ári.

Skip samkvæmt 2. mgr. 4. gr. eru undanþegin bryggjugjaldi.

Gjald fyrir þjónustubáta, fiskiskip og minni báta er nýta hafnarlegu skemur en 10 daga í mánuði reiknast sem hér segir:

- Fyrir 1-3 daga 25% af mánaðargjaldi
- Fyrir 4-6 daga 50% af mánaðargjaldi
- Fyrir 7-10 daga 75% af mánaðargjaldi

Fyrir lengri tíma en 10 daga reiknast fullt mánaðargjald.

Skútur og skemmtibátar sem koma til hafnar greiða 67 evrur fyrir hverja byrjaða viku.

## Vörugjöld.

5. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum sem umskipað er, lestaðar eru eða losaðar innan takmarka hafnarinnar, þó með þeim undantekningum er síðar getur.

6. gr.

Fyrir vörur sem samkvæmt farmskrá skips eru ákveðnar til annarrar hafnar, innlendrar eða erlendrar, en eru látnar á land um stundarsakir, skal aðeins greitt vörugjald þegar vörurnar eru fluttar í land. Undanþegnar þessu gjaldi eru vörur sem látnar eru á land um stundarsakir vegna skemmda á skipi.

7. gr.

Af vörum sem fluttar eru á skip og fara eiga til annarra hafna innanlands greiðist hálfvörugjald. Af vörum sem fara eiga til útlanda en umskipað er í innlendri höfn skal greiða fullt vörugjald í fyrstu lestunarhöfn. Af vörum sem koma frá útlöndum og fara eiga áfram til útlanda er heimilt að innheimta fullt vörugjald þegar vörurnar eru fluttar á land.

8. gr.

Um vörugjald af flutningi ferjuskipa skal semja við ferjueiganda sem innheimtir gjaldið ásamt flutningsgjaldi og stendur skil á því til hafnarinnar. Farþegar, bifreiðar þeirra, farangur og vöruflutningar með ferjum og flóabátum, sem njóta styrks samkvæmt vegalögum eru undanþegnir vörugjaldi. Heimilt er þó að taka vörugjöld af vöru í vörugjaldsflokkum 1, 2 og 3, sbr. 11. gr.

9. gr.

Þessar vörur eru algjörlega undanþegnar vörugjaldi:

- a) Umbúðir sem endursendar eru.
- b) Kol, olía, vistir og aðrar nauðsynjar skipa til eigin notkunar.
- c) Almennar póstsendingar og farangur ferðamanna.
- d) Úrgangur sem fluttur er til eyðingar.



# TÁLKNAFJARÐARHREPPUR



## 10. gr.

Vörugjald skal reikna eftir þyngd eða verðmæti, með umbúðum og af hverri sendingu sérstaklega. Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds. Skipstjóra eða afgreiðslumanni skips er skylt að láta höfninni í té afrit af farmskrá. Sé engri farmskrá til að dreifa skal skipstjóri gefa drengskaparvottorð um vörumagn sem fermt hefur verið eða affermt úr skipi hans. Þyki hafnarstjóra ástæða til getur hann hvenær sem er látið ákveða vörumagnið á þann hátt sem hann telur hentugast. Reynist vörumagnið vera meira en upp er gefið greiðir farmeigandi kostnaðinn. Séu fleiri en ein vörutegund í sendingu ósundurliðað skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund sem hæst gjald skal greiða af.

## 11. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því sem vörugjaldskrá tiltekur og gjaldið greiðist eins og hér segir:

1. fl.: Gjald kr. 387 pr. tonn:

Bensín, brennsluolfur, kol, laust korn, salt, vikur, kísilgúr, þörungamjöl, sement, áburður, melta og úrgangur sem fluttur er til endurvinnslu.

2. fl.: Gjald kr. 661 pr. tonn:

Lýsi og fiskimjöl.

3. fl.: Gjald kr. 712 pr. tonn:

a) Þungavarningur, svo sem sekkjavörur, óunnið járn og stál, útgerðarvörur, smurningsolíur, sjávarafurðir, landbúnaðarafurðir, hráefni til iðnaðar og byggingaframkvæmda, pökkuð og niðursoðin matvæli, óáfengar drykkjavörur og ávextir.

b) Vélar og tæki hvers konar og varahlutir til þeirra, svo sem heimilis- og skrifstofuvélar, bifreiðar, bifhjól, reiðhjól, hjólbarðar, bátar, flugvélar, hreyflar, mælitæki, húsbúnaður, vefnaðarvara og fatnaður.

c) Útvarps- og sjónvarpstæki, hljóðfæri, úr, klukkur, myndavélar, sjónaukar, glysvarningur alls konar, vín, tóbak, sælgæti, snyrtivörur og lyf.

d) Vörur sem ekki verða flokkaðar annars staðar eftir þyngd.

Af flutningi vinnutækja innanlands skal veita allt að 50% afslátt. Vörugjald greiðist ekki af bifreiðum ferðamanna, enda ferðast eigendur með sama skipi.

## Aflagjald

## 12. gr.

Aflagjald skal greiða af öllum sjávarafurðaafla, þ.m.t. fisk og seiðum úr eldiskvíum, sem er umskipað, lestaður eða losaður innan takmarka hafnarinnar, sem hér segir:

a) Aflagjald af frystum afla frystitoga skal vera 0,8 % af heildarverðmæti aflans skv. e-lið 2. mgr. 17. gr. hafnalaga nr. 61/2003.



# TÁLKNAFJARÐARHREPPUR



- b) Aflagjald af fiski skal vera 1,60 % af heildarverðmæti aflans skv. e-lið 2. mgr. 17. gr. hafnalaga nr. 61/2003.
- c) Aflagjald af seiðum úr eldiskvíum skal vera 3% af heildarverðmæti skv. E.lið 2.mgr.17.gr. hafnarlaga nr.61/2003.
- d) Aflagjald af saltfiski skal vera 0,8 % af tvöfaldri þyngd aflans.
- e) Aflagjald af gámafiski skal vera 1,60 % af heildarverðmæti ef söluuppgjör berst ekki til hafnarinnar.

Kaupanda aflans ber að afhenda hafnarstjóra upplýsingar um keyptan afla og afurðir mánaðarlega, t.d. afrit af sölunótum eða þeim gögnum sem skylt er að skila til opinberra aðila.

Framleiðanda afla úr eldiskvíum ber að afhenda hafnarstjóra upplýsingar um heildarsöluverðmæti afla mánaðarlega, t.d. afrit af sölunótum eða þeim gögnum sem skylt er að skila til opinberra aðila.

Við sölu afla til skyldra aðila skv. 3. mgr. 9. gr. laga nr. 13/1998 um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefndar sjómanna og útvegsmanna, skal miðað við ætlað aflaverðmæti. Ætlað aflaverðmæti er m.v. meðalverð hvernar fisktegundar á Vestfjörðum sem útgefið er af Verðlagsstofu skiptaverðs. Seljanda afla til skyldra aðila ber að afhenda hafnarstjóra upplýsingar um seldan afla mánaðarlega, t.d. afrit af aflaskýrslu til Fiskistofu.

Aflagjald fellur í gjalddaga um leið og afla er umskipað, hann lestaður eða losaður. Kaupandi aflans innheimtir gjaldið hjá seljanda og er ábyrgur fyrir því til hafnarsjóðs þótt hann vanræki innheimtu þess. Standa ber skil á greiðslu aflagjalds eigi sjaldnar en mánaðarlega.

## **Farþegagjald.**

13. gr.

Farþegagjald greiðist við komu og brottför farþega sem fara um höfn Tálknafjarðarhrepps, kr. 67 á 16 ára og eldri og kr. 36 á 15 ára og yngri. Farþegar ferja og flóabáta sem njóta styrks samkvæmt vegalögum eru undanþegnir þessari gjalddöku.

## **Hafnsögugjöld.**

14. gr.

Hafnsögugjöld skulu greidd samkvæmt útlögðum kostnaði. Að auki greiðist 6.650 kr. fastagjald og 575 kr. í hafnsögusjóð.

## **Festargjöld.**

15. gr.

Hver afgreiðsla á starfsmann, 8.300 kr. í dagvinnutíma og 14.860 kr. í yfirvinnutíma.

**Móttaka skipa sem falla undir ISPS-kóða.**



# TÁLKNAFJARÐARHREPPUR



16. gr.

Öryggisgjald fyrir hverja skipakomu kr. 47.400. Öryggisvörður í dagvinnu kr. 5.680 á klst. Öryggisgæsla pr. öryggisvörð í yfirvinnu kr. 10.220 á klst.

## Móttaka úrgangs.

17. gr.

Gjald sem innheimt er fyrir öll skip sem ekki falla undir 1. mgr. 11. gr e í lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda nr. 33/2004.

Gjald fyrir sorpeyðingu reiknast miðað við brúttótonnatölu skipa og báta og er eftirfarandi:

0- 20 brt, kr. 2.540 pr./mánuð.

20-50 brt, kr. 3.380 pr./mánuð.

> 50 brt, kr. 8.660 pr./mánuð.

Sorpeyðing fyrir einstaka losun er kr. 5.950 hvert skipti.

Frístundabátar eru undanþegnir gjaldinu skv. 13. gr.

## Úrgangs- og förgunargjald.

18. gr.

Skipstjóri eða eigandi skips sem óskar eftir að láta á land sorp, farmleifar, olíuleifar eða mengandi efni skal óska eftir aðstoð viðurkennds þjónustuaðila, sem höfnin hefur samþykkt að annist móttöku og förgun á ofangreindum úrgangi frá skipum á hafnarsvæði hafnarinnar. Skipstjóri, eigandi skips eða þjónustuaðili skal undantekningarlaust skila útfylltu eyðublaði til hafnarinnar um magn og tegund þess úrgangs sem skilað er á land. Skip sem falla utan 11. gr. c. í lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda nr. 33/2004 skulu greiða þjónustuaðila kostnað vegna móttöku og förgunar á úrgangi. Annist höfn móttöku og förgun á almennum úrgangi skal gjald greitt fyrir þjónustuna samkvæmt grein þessari fyrir hvern rúmmetra úrgangs. Annist höfnin móttöku á spilliefnum eða sérstökum úrgangi sem hefur í för með sér kostnað umfram förgun á almennu sorpi greiðir viðkomandi aðili þann kostnað sem til fellur. Vegna skipa sem falla undir 11. gr. c. í lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda nr. 33/2004 skulu skip greiða eftirfarandi:

1. *Úrgangsgjald:* Við komu til hafnar skal greiða fyrir skip 0,78 kr. á brt. Gjald þetta er til þess að standa undir eftirliti og umsýslu hafnar vegna móttöku á sorpi. Lágmarksgjald samkvæmt þessum lið er kr. 5.515 og hámarksgjald kr. 49.620.

2. *Úrgangsgjald:* Gjald skv. tölulið 1 má lækka ef umhverfisstjórnun, hönnun, búnaður og starfræksla skips er með þeim hætti að skipstjóri geti sýnt fram á að minni úrgangur verði til um borð. Fast gjald verður þá 0,39 kr. á brt. Lágmarksgjald samkvæmt þessum lið er kr. 5.515 og hámarksgjald kr. 24.810.

3. *Úrgangsgjald:* Skip og bátar sem koma oftar en fjórum sinnum til hafnar á almanaksárinu greiða samkvæmt 2. lið fyrir fimmtu komu og komur eftir það.



# TÁLKNAFJARÐARHREPPUR



4. *Úrgangsgjald:* Skip og bátar sem eru undir 60 m að lengd, eru ekki hafnsöguskyld og hafa varanlega viðveru í Tálknafjarðarhöfn skulu greiða fast mánaðargjald vegna eftirlits og umsýslu hafnar vegna móttöku á sorpi. Mánaðargjaldið skal vera kr. 5.515 á mánuði.
5. *Förgunargjald:* Óski skipstjóri eða eigandi skips eftir að tekið verði á móti úrgangi frá skipinu skal hann hafa samband við viðurkenndan móttökuaðila skv. ábendingu hafnarinnar eða óska eftir því að höfnin annist móttöku á úrganginum. Lágmarksgjald hafnar fyrir móttöku á úrgangi er kr. 11.085 á hvern rúmmetra og er að lágmarki greitt fyrir einn rúmmetra. Kjósi skipstjóri eða eigandi skips að óska eftir þjónustu viðurkennds aðila þá greiðir hann kostnað við þá þjónustu. Skipstjóri og/eða eigandi skips ber ábyrgð á að útfylltu eyðublaði um magn og tegund sorps sé skilað til hafnarinnar, en misbrestur á því getur leitt til tilkynningar til Umhverfisstofnunar.
6. *Förgunargjald:* Skip sem undanþegin eru gjaldskyldu skv. 1. tl. 2. mgr. 17. gr. hafnalaga skulu eftir sem áður greiða fyrir losun sorps og förgun þess ef óskað er eftir þjónustu hafnar eða viðurkennds móttökuaðila.
7. Skipstjóri eða eigandi skips sem fengið hefur undanþágu frá Umhverfisstofnun um skil á sorpi eða tilkynningum, skal framvísa gildri staðfestingu þess efnis.

## Rafmagnssala.

19. gr.

Rafmagnsgjöld skulu vera 20,32 kr./kWst. og taka breytingum í samræmi við gjaldskrá Orkubús Vestfjarða. Leigugjald fyrir mæla er 674 kr. á mánuði, en gjald fyrir fasta mæla er 1.348 kr. á mánuði. Skilagjald vegna leigu á rafmagnsmæli er 30.900 kr. fyrir hvert skipti. Rafmagnstengigjald er 4.223 kr. fyrir hvert skipti.

## Vatnssala.

20. gr.

Vatnsgjald er 0,15 kr. á hvert kg landaðs afla hjá fiskiskipum/bátum. Vatn fyrir skemmtiferðaskip er 2,58 bandaríkjadalir á hvert tonn. Vatn til annarra skipa er 422 kr. á hvert tonn. Vatn sem afgreitt er utan reglubundins vinnutíma, fyrir hvert útkall frá kl. 18.00 til kl. 22.00 greiðist hálf gjald eða tveggja tíma útkall, 5.740 kr. hver klst. Á öðrum tímum en að ofan greinir, skal greiða að lágmarki fjögurra tíma útkall, 5.740 kr. hver klst.

Skip eða bátar sem eru 7 daga eða lengur við bryggju skulu greiða 1.230 kr. fyrir hverja 14 daga.

## Vigtargjöld.

21. gr.

Almenn vigtun kr. 164 á tonn. Lægsta gjald fyrir einstaka vigtun er 934 kr.



# TÁLKNAFJARÐARHREPPUR



Fyrir vigtun sjávarafla frá kl. 18.00 til kl. 22.00 greiðist hálf gald eða tveggja tíma útkall, 5.740 kr. hver klst. Á öðrum tímum en að ofan greinir, skal greiða að lágmarki fjögurra tíma útkall, 5.740 kr. hver klst.

## Löndunar- og skráningar- og kranagjöld.

22. gr.

Löndunar- og skráningargjöld, 272 kr. á hvert landað tonn fyrir öll skip. Leiga á kranalykli, 3.802 kr. hvert skipti. Skráning afla í GAFL vegna fyrirtækja með endurvigtunarleyfi, 1.891 kr. fyrir hverja endurvigtunarskráningu eða 0,31 kr. fyrir hvert kíló.

## Geymsla veiðarfæra og flutningsgáma á hafnarsvæðinu.

23. gr.

Leiga fyrir geymslusvæði, hvort sem um er að ræða gáma, veiðarfæri eða báta: Geymslurými á malarsvæði, 200 kr. á fermetra. Óheimilt er að geyma gáma sem ekki eru í beinum tengslum við fragtflutninga á hafnarsvæðinu nema með sérstökum samningi við hafnarstjóra. Fyrir 40 feta gám greiðast 87.000 kr á mánuði.

Einungis er heimilt að hafa gáma sem eru í fragtflutningum á hafnarsvæðinu á meðan verið er að losa eða lesta þá í samráði við hafnarstjóra eða fulltrúa hans.

Óheimilt er að geyma veiðarfæri og tilheyrandi búnað á hafnarköntum. Heimilt er hafnarvörðum að fjarlægja búnað sem þannig er ástatt um á kostnað eiganda eða beita sektum allt að kr. 5.842 á sólarhring sé óskum um að fjarlægja hann ekki sinnt.

## Önnur þjónusta.

24. gr.

Hefðbundinn opnunartími hafnarvogar er frá kl. 08.00 til kl. 17.00 virka daga. Á öðrum tímum en að ofan greinir, þ.e. utan hefðbundins opnunartíma, skal greiða að lágmarki tveggja tíma útkall, kr. 5.740 fyrir hverja klst. Heimilt er að deila útkallsgreiðslu á skip komi fleiri en eitt inn til löndunar á sama tíma.

Sé óskað eftir þjónustu hafnar á tímabilinu eftir kl. 23.00 til kl. 8.00 að morgni skal tilkynning um það hafa borist hafnarstarfsmanni á vakt fyrir kl. 21.00 það kvöld. Að öðrum kosti verður þjónusta ekki sinnt fyrr en eftir kl. 07.00 næsta morgun nema um neyðartilfelli sé að ræða.

## Um innheimtu og greiðslu hafnargjalda.

25. gr.

Hafnarstjóri sér um innheimtu allra hafnargjalda og skal greiða gjöldin á skrifstofu hafnarinnar. Séu gjöldin ekki greidd á réttum gjalddögum er heimilt að reikna hæstu lögleyfðu dráttarvexti á skuldina.



# TÁLKNAFJARÐARHREPPUR



Skipstjóri og eigandi skips bera ábyrgð á greiðslu gjalda þeirra sem greiða ber til hafnarinnar vegna skipsins. Er skipstjóra skylt að afhenda hafnarstjóra þjóðernis- og skrásetningarskírteini skipsins, ef hafnarstjóri krefst þess, og hefur hafnarsjóður haldsrétt yfir skírteinunum uns gjöld eru greidd. Töf og tjón sem af þessu hlýst er á ábyrgð og kostnað greiðanda skipagjaldsins.

Að svo miklu leyti sem í gjaldskrá þessari eru ekki ákveðnir fastir gjalddagar á gjöldum skal greiða þau áður en skip fer burt úr höfn og enginn skipstjóri getur vænst þess að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá sýslumanni eða tollstjóra, nema hann sanni með vottorði frá hafnarstjóra að hann hafi greitt öll gjöld sín til hafnarsjóðs.

Vörugjald greiðir móttakandi af vörum sem koma til hafnar og sendandi af vörum sem fluttar eru úr höfn. Ef margir eiga vörur sem fluttar eru með sama skipi skal afgreiðslumaður skips standa hafnarsjóð skil á greiðslum. Ef skip hefur ekki farm sinn skráðan ber skipstjóri ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað greiðir sá vörugjaldið sem affermir.

Vörugjald af vörum sem koma til hafnar fellur í gjalddaga þegar skipið sem vörurnar flytur er komið í höfnina og vörugjald af vörum sem fluttar eru úr höfn fellur í gjalddaga þegar vörurnar eru komnar á skip. Skipstjóra og afgreiðslumanni skips er óheimilt að afhenda vörurnar fyrr en gjaldið er greitt. Hafnarsjóður hefur haldsrétt á skráningar- og þjóðernisskírteinum skips til tryggingar gjaldinu. Aflagjald og vörugjald af útflutningi skal auk þess tryggt með veði í útflutningsbirgðum þess aðila er skuldar gjöldin.

## 26. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má tryggja með aðför að undangengnum dómi. Skipagjöld eru tryggð með lögveði í viðkomandi skipi eða váttryggingarfé. Gengur það veð í tvö ár fyrir sammingsveðskuldum, sbr. ákvæði 2. mgr. 21. gr. hafnalaga nr. 61/2003. Tálknafjarðarhöfn er heimilt að krefjast frekari trygginga fyrir greiðslu áfallinna gjalda ef ástæða þykir til.

## Gildistaka.

### 27. gr.

Gjaldskrá þessi fyrir Hafnarsjóð Tálknafjarðarhafnar var samþykkt hjá hafnarstjórn í desember 2019, skv. hafnalögum nr. 61/2003 og 37. gr. reglugerðar um hafnamál nr. 326/2004. Gjaldskráin öðlast gildi við birtingu og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1387/2018 fyrir Hafnarsjóð Tálknafjarðarhrepps.

*Tálknafirði, 12. desember 2019.*

**Bjarnveig Guðbrandsdóttir** hafnarstjóri.